

Akureyri 31.05.2023

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Efni: umsögn Dýralæknafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um sérstaka ívilnun við endurgreiðslu námslána til lánþega í dýralæknámi, 778. mál

Dýralæknafélag Íslands (DÍ) fagnar tillögunni. Dýralæknanámið er kostnaðarsamt nám þar sem allir íslenskir dýralæknar þurfa að sækja námið út fyrir landsteinana. Niðurgreiðsla námslána gæti verið liður í því að hvetja unga dýralækna til að horfa til starfssvæða/starfsgeira þar sem erfitt hefur reynst að fá unga dýralækna til starfa. DÍ tekur undir það að mikilvægur liður í því að efla innlenda matvælaframleiðslu er að tryggja dýralæknaþjónustu um land allt. Síðustu ár hefur þróunin verið sú að sífellt erfiðara er að fá dýralækna til starfa í dreifðari byggðum.

Ljóst er að það eru fjölmargir þættir sem spila inni þegar kemur að því greina vandann varðandi dýralæknaskort. Þar má meðal annars nefna breytt starfsumhverfi dýralækna, breytt lífsmynstur og álag við vaktavinnu ásamt ýmsum öðrum þáttum. Þróun síðustu ára hefur verið sú að fækka þjónustusamningum á landsbyggðinni með stækkun umdæma og vaktsvæða en þessu fylgir einnig fækkun dýralækna. Þetta gerir það að verkum að starfsumhverfi dýralækna er ekki aðlaðandi.

Dýrlæknar gegna lykilhlutverki þegar kemur að vöktun dýrasjúkdóma, þjónustu við veik- og slösuð dýr, dýravelferð, og síðast en ekki síst ábyrgri notkun sýklalyfja.

DÍ bendir einnig á mikilvægi aðkomu dýralækna þegar kemur að samspili heilbrigðis manna og dýra, umhverfi og fæðu undir formerkjum „One health“.

DÍ vill því leggja áherslu á að þegar rætt er um framtíðarsýn dýralæknastéttarinnar og dýralæknaskort, sem nú þegar er staðreynd, þá er það grundvallarskilyrði að stjórnvöld fari í **heildarendurskoðun á kerfinu, það er að segja heildarendurskoðun á lögum um dýralækna og lögum um heilbrigðisþjónustu við dýr nr 66/1998. Þar með talið endurskoðun á bakvaktakerfi dýralækna og stærð vaktsvæða.**

Virðingafyllst fyrir hönd Dýralæknafélags Íslands

Bára Eyfjörð Heimisdóttir, formaður